



Félags skipstjórnarmanna

Alþingi  
Erindi nr. P 133/1437  
komudagur 5.3.2007

Nefndasvið Alþingis,  
Sjávarútvegsnefnd,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Reykjavík 5.mars 2007.

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna, og lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.**

Félag skipstjórnarmanna telur frumvarpið ekki til skaða, en heldur ekki til bóta. Sá vandi sem hér er gerð tilraun til að lagfæra, mun ekki lagast fyrr en leiguframsal innan ársins verður afnumið.

Það er löngu tímabært að þeir sem um málið fjalla, geri sér grein fyrir því að fiskverð ákvarðað af Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna er ekkert annað en meðaltalsverð af fiskmörkuðum að frádregnu leiguverði kvóta.

Það hefur hins vegar fram til þessa reynst illskásta aðferðarfræðin fyrir sjómenn í þeirri varnarbaráttu sem þeir hafa þurft að há, búandi við ótrúlega andstætt kerfi.

Virðingarfyllt  
F.h.Félags skipstjórnarmanna

  
Guðjón Ármann Einarsson